



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **ENERGREASE FG-00 EP**

1.2. Tilgreind notkun Smurfeiti

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Varan er blanda.

2.1.2 Flokkun samkvæmt tilskipun 1999/45/EB

Varan er ekki skilgreind sem hættuleg samkvæmt tilskipun 1999/45/EB, með síðari breytingum. Sjá liði 11 og 12 fyrir nánari upplýsingar um áhrif á heilbrigði og umhverfishættur.

2.2. Merkingaratriði

Hættusetningar Varan er ekki flokkuð í löggjöf Erópusambandsins.

Varnaðarsetningar Á ekki við.

Viðbótarmerkingar Á ekki við.

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur

Upplýsingar varðandi háþrýstibúnað: Ef efninu er dælt undir húðina af miklum þrýstingi getur það valdið alvarlegu líkamstjóni.

Sjá undirliðinn „Til lækna“ undir „Ráðstafanir í skyndihjálpi“ í 4. lið

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Mikið hreinsuð grunnolía. (IP 346 DMSO útdráttur <3%).

Fjölíða. Einkaleyfisvarin afkastaaukandi aukefni.

| Heiti | Vörukenni | % | 67/548/EBE | 1272/2008 [CLP] | Teg.* |
|------------------------|------------|------|------------|-----------------|-------|
| Grunnolía - ótilgreind | Breytilegt | >=90 | Óflokkað | Óflokkað | [2] |

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

[1] Efni flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni skráð með váhrifamörk á vinnustað.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Skolið undir augnlokum. Athugið hvort viðkomandi er með snertilinsur og fjarlægið þær. Leitið lækni ef ertingar verður vart.

Eftir snertingu við húð Þvoið húðina vandlega með vatni og sápu eða viðurkenndum húðhreinsi. Fjarlægið föt og skó sem óhreinast af efninu. Þvoið föt fyrir næstu notkun. Þvoið skó vandlega fyrir næstu notkun. Leitið lækni ef ertingar verður vart.

Eftir inntöku Framkallið ekki uppköst nema samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisstarfsfólks. Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Skyndihjálpi Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu eða án viðeigandi þjálfunar.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Sjá 11. lið fyrir nánari upplýsingar um einkenni og áhrif á heilbrigði.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Til lækna Meðhöndlun skal almennt beinast að einkennum og miða að því að draga úr áhrifum.
Notkun háprýstibúnaðar: Ef efninu er dælt fyrir slysi á miklum hraða undir húðina, getur það valdið alvarlegu líkamstjóni. Leitið lækni umsvifalaust ef slys af þessu tagi ber að höndum. Stungusárið gæti virst saklaust í fyrstu, en innan nokkurra klukkustunda fara vefir að breyta um lit, bólgna og drep myndast á stóru svæði með gifurlegum sársauka. Skurðaðgerð skal fara fram tafarlaust og sárið og vefir undir því hreinsaðir vandlega til að lágmarka vefjaskemmdir og koma í veg fyrir eða takmarka varanlegan skaða. Háprýstingur getur þrýst efninu töluvert langt inn í gegnum vefi líkamans.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Vatnsúði, alkóhólþolin froða, slökkviduft, koltvísýringur.

Óviðeigandi Vatnsbuna.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Við bruna eða upphitun eykst þrýstingur og ílát getur sprungið.

Myndefni við bruna Kolefnisoxíð (CO, CO₂),

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu eða án viðeigandi þjálfunar. Ef eldur kemur upp, rýmið svæðið eins fljótt og mögulegt er.

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmur, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfelli efnaleka.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNIN FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Almennar ráðstafanir Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega eða án viðeigandi þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og vanbúnu starfsfólki frá svæðinu. Snertið hvorki né gangið á leka. Gólf geta verið hál. Farið varlega. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.

Bráðaliðar Sjá upplýsingar í 8. lið um viðeigandi og óviðeigandi efni í hlífðarbúnaði ef þörf er á sérstökum hlífðarfatnaði við meðhöndlun leka. Sjá einnig „almennar ráðstafanir“ hér að ofan.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið að berist í jarðveg, fráveitur, vatnsfarvegi, niðurföll og holræsi. Gerið yfirvöldum viðvart ef efnið veldur umhverfismengun (holræsi, vatnsfarvegir, jarðvegur, andrúmsloft).

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Safnið leka með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá sérhæfðum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Hringið strax í neyðarþjónustu. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Hindrið að berist í fráveitur, vatnsfarvegi, kjallara eða lukt rými. Haldið leka í skefjum og safnið með eldtraustu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilgúr og setjið í ílát til förgunar samkvæmt gildandi lögum og reglum. Fargið hjá sérhæfðum förgunaraðila.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Sjá 1. lið fyrir neyðarsímanúmer.

Sjá 5. lið fyrir ráðstafanir vegna slökkvíaðgerða.

Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.

Sjá 12. lið fyrir varúðarráðstafanir vegna umhverfisins.

Sjá 13. lið fyrir viðbótarupplýsingar um förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir Notið viðeigandi persónuhlífar.

Hreinlæti Ekki borða, drekka eða reykja þar sem efnið er meðhöndlað, geymt og unnið. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Farið úr fötum og hlífðarfatnaði áður en gengið er inn á svæði þar sem borðað er. Sjá einnig 8. lið fyrir upplýsingar um hreinlætisráðstafanir.

7.2. Öruggr geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Ráðstafanir

Geymið og notið aðeins í sérhönnuðum ílátum/búnaði fyrir þessa vöru. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Ílát skulu vera tryggilega lukt, innsiglið og í uppréttri stöðu þar til þau eru notuð. Ílát sem búið er að opna skulu innsiglið að nýju og látin standa upprétt til að forðast leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Hagið geymslu í samræmi við gildandi lög og reglur. Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá 10. lið). Varist langvinna snertingu efnisins við háan hita.

7.3. Sérstök notkun

Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað: ACGIH TLV (Bandaríkin).

Grunnólía – ótilgreind. Tímavegið meðaltal (TWA): 5 mg/m³ 8 klst. Úði og agnir.

Þó að gefin séu upp váhrifamörk fyrir tiltekin efni í þessum lið, geta önnur efni myndast í úða, gufu eða ryki. Mögulega eiga tilgreind váhrifamörk því ekki við um við vöruna í heild og ætti því að einungis að nota til leiðbeiningar.

Vöktun

Ef varan inniheldur efni með tilgreind váhrifamörk gæti þurft að vakta þéttni þess svo gera megi ráðstafanir m.t.t. loftræstingar og/eða öndunarhlífa. Athugið viðeigandi eftirlitsstaðla: Evrópustaðall EN 689 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnum m.t.t. viðmiðunarmark og mæliaðferða) og landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnum.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Komið fyrir útsogskerfi eða öðrum búnaði til að halda loftþéttni undir váhrifamörkum í starfi. Hafið augnskolunarbúnað og öryggissturtur nálægt vinnustöð. Öll efni skal meta m.t.t. áhrifa á heilsu og koma skal upp viðeigandi búnaði til að koma í veg fyrir váhrif eða takmarka þau nægilega. Til er stigskipting takmörkunarráðstafana (þ.e. uppræting, skipting, loftræsting, afmörkun, vinnukerfi, breyting á ferlum eða aðgerðum) sem verður að gæta að áður en hlífðarbúnaður er notaður. Hlífðarbúnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla, henta vel til notkunar og réttilega við haldið. Ráðfærið ykkur við söluaðila hlífðarbúnaðarins varðandi val og viðeigandi staðla. Fyrir frekari upplýsingar, hafið samband við Staðlaráð Íslands. Val á hlífðarbúnaði byggist á áhættumati. Mikilvægt er að tryggja að einstakir hlutar hlífðarbúnaðarins eigi saman.

Hreinlætisráðstafanir

Þvoið vel hendur, framhandleggi og andlit eftir notkun íðefna áður en borðað er, reykt og farið á salerni og við lok vinnustunda. Tryggið að augnskolunarbúnaður og öryggissturtur séu nálægt vinnustöð.

Öndunarhlífar

Öndunarhlífa er venjulega ekki þörf þar sem náttúrulegt eða stýrt útsog takmarkar váhrif nægilega. Ef loftræsting er ekki næg, notið viðeigandi öndunarhlífar. Val á öndunarhlífum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi öndunarhlífa. Móta skal öryggisreglur fyrir hverja tiltekna notkun. Veljið öndunarhlífar í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum.

Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef líkur eru á langvinnri eða endurtekinni snertingu. Notið efnapolna hanska. Efni í hönskum: Nítríl.

Val á hlífðarhönskum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi hanskana. Flestar gerðir hanska veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að fleygja. (jafnvel mjög efnapolnir hanskar eyðast með tímanum við endurtekna snertingu við efni). Veljið hanska í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum. Vegna breytileika vinnuaðstæðna, mótið öryggisreglur fyrir hverja tilgreinda notkun.

Til hlífðar augum

Til hlífðar húð

Öryggisgleraugu með hliðarvörn.

Veljið hlífðarbúnað m.t.t. hættu á snertingu og sem er viðurkenndur af fagaðila. Hlífðarfatnaður úr bómull og pólýester veitir aðeins vörn gegn slettum sem gegnbleyta ekki. Þvoið hlífðarfatnað reglulega. Notið efnapolna svuntu, hlífðarfatnað og stígvél ef hætta er á snertingu efnisins við húð (s.s. við söfnun leka eða ef hætta er á slettum).

Umhverfi

Losun í gegnum loftræstingu eða vinnuvélar skal athuguð til að tryggja að þær samræmist umhverfisverndarlöggjöf. Í sumum tilvikum gæti þurft að koma fyrir hreinsibúnaði, síum eða gera tæknilegar breytingar á búnaði til að draga úr losun og ná henni undir ásættanleg mörk.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

| | |
|------------------------------|--|
| Eðlisástand | Feiti |
| Litur | Brúnn |
| Lykt | Olíulykt |
| pH-gildi | Engar upplýsingar |
| Bræðslumark | Engar upplýsingar |
| Suðumark | Engar upplýsingar |
| Lyktarþröskuldur | Engar upplýsingar |
| Blossamark | Lokað ílát: >150°C (Pensky-Martens) |
| Uppgufunarhraði | Engar upplýsingar |
| Eldfimi | Engar upplýsingar |
| Gufuþrýstingur | Engar upplýsingar |
| Eðlisþyngd | <1000 kg/m ³ (<1 g/cm ³) við 25°C |
| Vatnsleysni | Óleysanlegt í vatni |
| Deilistuðull: n-oktanól/vatn | >3 |
| Sjálfstíkveikjuhitastig | Engar upplýsingar |
| Niðurbrotshitastig | Engar upplýsingar |
| Eðlisseigja | Engar upplýsingar |
| Sprengieiginleikar | Engar upplýsingar |
| Oxunareiginleikar | Engar upplýsingar |

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engar upplýsingar.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun Ekki hætta á skaðlegri fjölliðun við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

Skaðleg efnahvörf Ekki hætta skaðlegum efnahvörfum við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Engin tilgreind.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Oxunarefni.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Ekki hætta á skaðlegu niðurbroti við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturfnafræðileg áhrif

Líklegar íkomuleiðir Húð, innöndun.

Möguleg bráð áhrif á heilbrigði

- Innöndun Vegna lágs gufuþrýstings er innöndun gufu við venjuleg skilyrði ekki líkleg til að hafa bráð áhrif á heilbrigði.

- Inntaka Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Snerting við húð Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Snerting við augu Engin veruleg hætta sem vitað er um.

Einkenni tengd efnislegum, efnafræðilegum og eiturfnafræðilegum eiginleikum

- Innöndun Engin tilgreind.

- Inntaka Engin tilgreind.

- Snerting við húð Engin tilgreind.

- Snerting við augu Engin tilgreind.

Bráð, tafin og langvinn áhrif vegna skammvinnrar eða langvinnrar snertingar

- Innöndun Innöndun úða/gufu við hækkað hitastig getur valdið ertingu í öndunarvegi.

- Inntaka Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.

- Snerting við húð Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu og leitt til ertingar og/eða húðbólgu.

- Snerting við augu Getur valdið skammvinnnum sársauka eða roða.

Möguleg langvinn áhrif á heilbrigði

- Almennt Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Krabbameinsv. áhrif Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Stökkbreytandi áhrif Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Áhrif á þroskun Engin veruleg hætta sem vitað er um.

- Áhrif á frjósemi Engin veruleg hætta sem vitað er um.

12. VISTFRÆDILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif Ekki flokkað sem hættulegt.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Efnioð er ekki talið safnast upp í lífverum í gegnum fæðukeðjur.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Koc-deillistuðull Engar upplýsingar.

Hreyfanleiki Efnioð er ólíklegt til að þrengja sér í gegnum jarðveg við efnaleka.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Efnioð er ólíklegt til að dreifast í vatni.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Lágmarkið úrgang eins og mögulegt er. Efninu skal ekki skolað í niðurföll í miklu magni heldur meðhöndlað í skólphreinsistöð. Fargið óendurvinnanlegum úrgangi hjá sérhæfðum förgunaraðila. Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættulegur úrgangur Já.

Evrópska úrgangsskráin (EWC)

| Úrgangskóði | Skilgreining úrgangs |
|-------------|---|
| 13 08 99* | Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti. |

Ef efnioð er ekki notað á tilgreindan hátt og/eða gæti verið mengað af öðrum efnum getur þurft að farga efninu samkvæmt öðrum úrgangskóða af endanlegum notanda.

Förgun umbúða Umbúðum skal fargað af sérhæfðum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Endurvinnið ef mögulegt.

Varúðarráðstafanir Fargið umbúðum á öruggan hátt. Leifar og gufur frá vörunni verða eftir í tónum umbúðum. Eldhætta. Ekki sjóða eða logsjóða tómar umbúðir. Varist að efnioð berist í jarðveg, vatnsfarvegi, fráveitur og niðurföll.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar.

15.1.2. Landsbundnar reglur

Engar viðbótarupplýsingar tiltækar

15.2. Efnaöryggismat

Efnioð inniheldur efnisþætti sem á eftir meta m.t.t. efnaöryggis.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Endurskoðun 14. mars 2012.

Hættusetningar (CLP) Engar hættusetningar.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson

Heimild: Castrol (UK) Ltd., MSDSadvice@bp.com